



Ársreikningur 2016

Handknattleiksdeild

Meistaraflokkar



Efnisyfirlit

Áritun félagskjörinn skoðunarmanna	1
Áritun stjórnar	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8




Aritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning handknattleiksdeildar Gróttu fyrir árið 2016. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2016 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn handknattleiksdeildar Gróttu staðfesta hér með ársreikning deildarinnar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 6. apríl 2017


Rögnvaldur Dofri Pétursson


Bjarni Torfi Alþórsson





Áritun stjórnar

Stjórn handknattleiksdeildar Gróttu staðfestir hér með ársskýrslu og ársreikning deildarinnar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 6. apríl 2017


Bjarni Torfi Alfpórsson


Kristín Þórðardóttir


Davíð Scheving


Helga Þórðardóttir

Jóhann G. Jóhannsson

Hannes Birgisson

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir

Eiríkur Elís Þorláksson



Skýrsla stjórnar Handknattleiksdeild Gróttu 2016

Meistaraflokkar karla og kvenna

Á aðalfundi deildarinnar 2016 voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn:

Bjarni Torfi Álfþórsson, formaður, Kristín Þórðardóttir, varaformaður, Davíð Scheving, gjaldkeri, Hannes Birgisson, Helga Þórðardóttir, Eiríkur Elís Þorláksson, Jóhann G Jóhannsson, Eva Kristinsdóttir og Hörður Einarsson. Ingveldur Kristjánssdóttir sem einnig var kosin í stjórn þurfti að draga sig úr stjórn vegna anna í vinnu.

Starf handknattleiksdeildar Gróttu hefur verið með með ágætum þetta árið. Iðkendur eru tæplega 350 talsins og skiptingin nokkuð jöfn á milli drengja og stúlkna. Starfinu er skipt niður í meistaraflokka og yngri flokka. Hér verður fjallað um starfsemi meistaraflokka og formaður unglingaráðs fjallar um starf yngri flokka.

Helstu verkefni stjórnar á árinu

Sú breyting varð á þjálfarateymi kvennaliðsins og Guðmundur Árni Sigfússon hætti sem aðstoðarmaður Kára Garðarssonar. Í upphafi tímabils var Karl Erlingsson ráðinn í hans stað, en hann lét af störfum áður en langt var liðið á tímabilið. Anna Úrsúla Guðmundsdóttir tók svo við sem spilandi aðstoðarþjálfari í lok október og var kærkomin viðbót við hópinn, en Anna hafði ekki leikið með liðinu fram að þeim tíma.

Á vormánuðum var farið í ganga til samninga við núverandi leikmenn og gekk sú vinna nokkuð vel. Stefna félagsins hefur verið að byggja á leikmönnum sem að koma úr yngri flokkastarfi félagsins. Nokkrar breytingar urðu á bæði mfl. karla og mfl. kvenna fyrir tímabilið. Karlaliðið missti nokkara leikmenn en þokkalega gekk að fylla þau skörð sem þeir skyldu eftir. Kvennaliðið missti hinsvegar marga af lykilmönnum og ljóst að erfitt yrði að finna leikmenn til að bæta að fullu fyrir það. Mikil áhersla var lögð á að fá til liðsins annan markmann og á endanum var fenginn markmaður frá Lithaen. Er óhætt að segja að þar hafi stjórnin keypt köttinn í sekki, en þessi leikmaður stóð aldrei undir þeim væntingum sem til hans voru gerðar og fór svo að samningi við hann var rift í desember. Uppaldir markmenn liðsins hafa því staðið vaktina í vetur og gert það með miklum sóma.

I dag eru 44 leikmenn með HSI samning, 22 í hvoru liði og er mikill meirihluti þeirra leikmenn sem hafa gengið upp í gegnum unglिंगastarf félagsins.

Umgjörð heimaleikja félagsins sem hefur gengið ágætlega en þó hafa komið leikdagar þar sem störf við undirbúning og framkvæmd hefur lent á fáum einstaklingum. Hér þurfum við að bæta okkur og stækka þann hóp Gróttufólks sem er tilbúið til að leggja félginu lið við framkvæmd leikja.

Í ágúst síðastliðnum var haldinn handboltaskóli Gróttu og var boðið upp á 3 námskeið. Þátttakan var glæsileg en skráðir voru rúmlega 300 þátttakendur. Handknattleiksdeild Gróttu í samstarfi við knattspyrnudeild Gróttu stóðu fyrir þorrablóti í lok janúar sem heppnaðist mjög vel.

Í mars var haldið fjölmennt kvennakvöld, kvenna- og herrakvöld Gróttu þessa tímabils hafa ekki verið haldin ennþá en er stefnt er að því nú á vormánuðum.

Samstarf við núverandi og nýja styrktaraðila hefur gengið vel og hafa flest allir tekið vel í það að styrkja það starf sem handboltinn er að vinna í hér á Nesinu. Handknattleiksdeild Gróttu er með bæði kvenna- og karlalið í fremstu röð og ljóst er að slíkur árangur kallar á frekari vinnu

við öflun styrktaraðila sem þó gekk nokkuð vel á árinu. Ásamt þeim fyrirtækjum sem styrkja deildina þá er Seltjarnarnesbær einn af öflugri styrktaraðilum deildarinnar og félagsins í heild og þökkum við þeim kærlega fyrir þennan stuðning sem verður vonandi um ókomna tíð.

Meistaraflokkar - Árangur

Báðir meistaraflokkar félagsins leika í efstu deild, Olís deildinni á því tímabili sem nú er að ljúka.

Mfl. kvenna náði þeim glæsilega árangri á síðasta tímabili að verja Íslandsmeistaratitil sinn og hefur nú nýlega tryggt sér sæti í lokakeppni um þann stóra, þriðja árið í röð, en liðið mun leika við Fram eða Stjörnuna um sæti í úrslitum.

Mfl. karla lék á síðasta tímabili í efstu deild eftir nokkuð hlé og endaði í 5.sæti. Í úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratitilinn spilaði liðið við ÍBV og tapaði þeirri orrustu 2 - 0. Í haust byrjaði liðið keppnina mjög vel og var í efsta sæti eftir 4 umferðir. Þá tók við langur erfiðleikakafli og liðið var, líkt og nokkur önnur lið, í fallbáráttu fram að lokum deildarkeppinnar. Nú þegar keppni er hins vegar lokið og 5 sætið í höfn verður það að teljast mjög góður árangur. Karlaliðið hefur, líkt og kvennaliðið tryggt sér sæti í úrslitakeppninni í ár og mætir liði Aftureldingar í 8 liða úrslitum.

Á lokahófi HSÍ sem fór fram í maí í fyrra fékk Gróttu nokkur verðlaun:
Besti varnarmaður Olísdeildar kvenna 2016: **Anna Úrsúla Guðmundsdóttir**
Besti markmaður Olísdeildar kvenna 2016: **Íris Björk Símonardóttir**
Efnilegasti leikmaður Olísdeildar kvenna 2016: **Lovísa Thompson**
Sigríðarbikarinn 2016: **Íris Björk Símonardóttir**

Úrvalslíð karla:

Vinstra horn: **Júlíus Þórir Stefánsson**

Úrvalslíð kvenna:

Markmaður: **Íris Björk Símonardóttir**

Línumaður: **Anna Úrsúla Guðmundsdóttir**

Árangur meistaraflokka félagsins endurspeglast í því öfluga og góða starfi sem unnið hefur verið í yngri flokkum Gróttu undanfarin ár og með áframhaldandi öflugum starfi ætti markmið okkar að tryggja stöðu Gróttu sem eitt af öflugustu handknattleikslíðum landsins að ná fram að ganga.

Hvað er framundan

Markmið deildarinnar er og verður að vera að fjölga þeim aðilum sem vilja vinna við starf deildarinnar og byggja það upp innan frá eins mikið og hægt er því efniviðurinn í meistaraflokkum og yngri flokkum félagsins hefur aldrei verið meiri né betri. Því þarf að efla alla umgjörð í kringum deildina og fjölga okkar sjálfbóðaliðum til þess að sjá deildina dafna og þroskast á næstu árum. Næstu vikur og mánuðir eru einstaklega spennandi fyrir handboltann á Nesinu! Báðir meistaraflokkarnir að fara í úrslitakeppnina um Íslandsmeistaratitilinn og mikil gróska í starfi deildarinnar.

Stjórn handboltans vill þakka ÍTS, Seltjarnarnesbæ og öllum styrktaraðilum fyrir mjög gott samstarf og öflugan stuðning við deildina síðastliðin ár. Framkvæmdarstjóra, íþróttastjóra Gróttu, samstarfsmönnum í aðalstjórn og stjórn deildarinnar, starfsmönnum íþróttamiðstöðvar og okkar ómetanlegu sjálfbóðaliðum þökkum við fyrir gott samstarf á liðnu tímabili.

Seltjarnarnesi, 6. apríl 2017

Stjórn handknattleiksdeildar Gróttu



Rekstrarreikningur 2016

Rekstrartekjur	Skýr.	2016	2015
Framlög og styrkir	3	10.992.280	18.840.674
Tekjur af mótum		9.125.649	8.358.106
Auglýsingatekjur		7.110.000	8.075.396
Aðrar tekjur		3.197.569	4.022.169
		<u>30.425.498</u>	<u>39.296.345</u>
Rekstrargjöld			
Verktakagreiðslur		16.997.349	14.940.939
Styrkir til deilda (húsaleigustyrkir)		0	7.259.000
Áhöld, tæki og búnaður		812.021	1.267.121
Þátttaka og kostnaður vegna móta	4	6.613.384	10.143.734
Annar kostnaður	5	9.276.031	6.441.086
		<u>33.698.785</u>	<u>40.051.880</u>
	Rekstrartap	(3.273.287)	(755.535)
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		4.544	3.023
Vaxtagjöld		(60.034)	(5.630)
		<u>(55.490)</u>	<u>(2.607)</u>
	Tap ársins	<u>(3.328.777)</u>	<u>(758.142)</u>



Efnahagsreikningur 31/12 2016

Eignir

	<i>Skýr.</i>	2016	2015
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		10.540	10.540
Skammtímaskröfur		1.469.070	1.115.002
Handbært fé		101.272	300.820
Veltufjármunir samtals		<u>1.580.882</u>	<u>1.426.362</u>
Eignir samtals		<u>1.580.882</u>	<u>1.426.362</u>

Eigið fé og skuldir

	<i>Skýr.</i>	2016	2015
Eigið fé			
Uppsafnað eigið fé frá fyrra ári		(1.331.727)	(573.585)
Tap ársins		(3.328.777)	(758.142)
Eigið fé samtals 6		<u>(4.660.504)</u>	<u>(1.331.727)</u>

Skuldir

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		<u>6.241.386</u>	<u>2.758.089</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>6.241.386</u>	<u>2.758.089</u>
Skuldir samtals		<u>6.241.386</u>	<u>2.758.089</u>

Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.580.882</u>	<u>1.426.362</u>
------------------------------------	--	------------------	------------------



Sjóðstreymi 2016

Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.	2016	2015
Hagnaður (Tap) ársins		(3.328.777)	(758.142)
Hreint veltufé til rekstrar		(3.328.777)	(758.142)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur		(354.068)	(858.211)
Skammtímaskuldir		3.483.297	1.742.878
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		3.129.229	884.667
Handbært fé (til) frá rekstri		(199.548)	126.525
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(199.548)	126.525
Handbært fé í ársbyrjun		300.820	174.295
Handbært fé í árslok		101.272	300.820



Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Handknattleiksdeild Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð deildarinnar er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi. Þessi ársreikningur, handknattleiksdeildar Gróttu, er ársreikningur meistaraflokka.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til deildarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Framlög og styrkir

	2016	2015
Húsaleigustyrkir	0	6.800.000
Ferðastyrkir	821.500	0
Rekstrarstyrkur	8.121.600	8.125.434
Aðrir styrkir og tekjur	2.049.180	3.915.240
	<u>10.992.280</u>	<u>18.840.674</u>

4. Þátttaka og kostnaður vegna móta

	2016	2015
Kostnaður meistaraflokks karla	2.459.413	4.260.677
Kostnaður meistaraflokks kvenna	2.556.670	3.985.811
Annar kostnaður	1.597.301	1.897.246
	<u>6.613.384</u>	<u>10.143.734</u>



Skýringar

5. Annar kostnaður

	<u>2016</u>	<u>2015</u>
Félagaskipti og sala leikmanna	481.373	1.125.898
Húsaleiga	541.024	0
Kostnaður vegna bifreiða	5.027.578	1.320.458
Kosnaður vegna skemmtana- og leikjahalds	2.921.422	3.560.127
Annar kostnaður	<u>304.634</u>	<u>434.603</u>
	<u>9.276.031</u>	<u>6.441.086</u>

6. Eigið fé

	<u>Uppsafnað frá fyrra ári</u>	<u>Tekjuafg. ársins</u>	<u>Samtals</u>
Eigið fé 1/1	(573.585)	(758.142)	(1.331.727)
Afkoma f.f. ári flutt á uppsafnað eigið fé	(758.142)	758.142	0
Tap ársins	<u> </u>	<u>(3.328.777)</u>	<u>(3.328.777)</u>
Eigið fé 31/12	<u>(1.331.727)</u>	<u>(3.328.777)</u>	<u>(4.660.504)</u>